

**Ed.**

## **2. Frumvarp til laga**

um heimild til að lækka aðflutningsgjald af nokkrum vörutegundum.

(Lagt fyrir Alþingi 1943, 62. löggjafarþing.)

1. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilað að ákveða með auglýsingu lækkun á aðflutningsgjöldum af eftirgreindum vörutegundum:

1. Ný epli.
2. Nýjar perur.
3. Rúsínur.
4. Sveskjur.
5. Mais.
6. Rís og aðrar korntegundir og rótarávextir, steikt, gufusoðið eða tilreitt á annan svipaðan hátt.
7. Pulp og safi úr ávöxtum, ósykraður.
8. Saft úr ávöxtum og jurtahlutum.
9. Reiknivélar.
10. Ritvélar.
11. Talningarvélar (fétalar).
12. Fjölritar (duplikatorar).
13. Aðrar skrifstofuvélar og hlutar til þeirra, ót. a.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í væntanlegum verzlunarsamningi milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku eru ákvæði um gagnkvæmar tollaívilnanir. Til þess að framfylgja ákvæðum samningsins af hálfu Íslands að því er tollaívilnanir varðar, þarf ríkisstjórnin að fá lagaheimild til þess að lækka aðflutningsgjöldin af vörutegundum þeim, sem samningurinn nær til.

Er hér farið eins að og þegar lækkuð voru aðflutningsgjöld af vörum samkvæmt verzlunarsamningi við Argentínu 1938, sbr. lög nr. 81 11. júní 1938.